

30. marz 1971.

3

Nr. 4.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo: Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum greiðist sem hér segir:

1. Kr. 1900.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum, frystum hrognum, saltfiski, saltfiskflökum, söltuðum þunnildum, söltuðum hrognum ót. a., saltfiskbitum, söltuðum og frystum gellum, skreið, hertum þorskhausum, skelfiski og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum.

Nemi gjald samkvæmt þessum tölulíð meiru en svarar 4½% af fob-verðmæti útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.

2. 3% gjald af fob-verðmæti greiðist af heilfrystum fiski, frystum fiskúrgangi, frystum humar, frystri rækju, frystri loðnu, loðnumjöli, loðnulýsi og hertum sjávardýraolíum. Frá 1. janúar 1971 skal gjald samkvæmt þessum tölulíð vera 4% af fob-verðmæti afurðanna.

3. 5% gjald af fob-verðmæti greiðist af hvalafurðum, öðrum en niðursoðnum eða niðurlögðum.

4. 6% gjald af fob-verðmæti greiðist af fiskimjöli, karfamjöli, humarmjöli, rækjumjöli, liffarmjöli, þorskalýsi, karfalýsi, heilfrystri sild, frystum sildarflökum, saltsild og saltsildarflökum, söltuðum grásleppuhrognum og öðrum þeim sjávarafurðum, sem eru ekki sérstaklega taldar í þessari grein. Heimilt er frá 1. jan. 1971 að draga frá fob-verðmæti saltsildar og saltaðra grásleppuhroгна vegna umbúðakostnaðar kr. 500.00 fyrir hver 100 kg innihalds.

5. 7% gjald af fob-verðmæti greiðist af nýjum og ísvörðum fiski.

Þó getur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið, að útflutningsgjald af nýrri og ísaðri sild skuli vera allt að því eins hátt og greitt mundi við sams konar verkun hennar hér á landi og hún fer til erlendis, sbr. 4. og 6. tl. þessarar greinar.

6. 8% gjald af fob-verðmæti greiðist af sildarmjöli, sildarsoðkjarna og sildarlýsi.

7. Útflutningsgjald greiðist ekki af selafurðum.

Niðurlagðar vörur, sbr. 1. tl. 1. mgr., skulu teljast vörur, sem lagðar eru niður tilbúnar til neyzlu og hafa innihald 10 kg nettó eða minna. Þó skulu vörur taldar niðurlagðar, sem lagðar eru fullverkaðar niður í stærrí flát, ef útflytjandi sannar, að hráefnisverðmæti hinnar útfluttu vöru sé minna en ½ hluti útflutningsverðmætisins.

Þegar íslensk fiskiskip selja gjaldskyldar sjávarafurðir í erlendri höfn, nýjar eða unnar, hvort heldur er af eigin afla eða annarra skipa, skulu ofangreind gjöld af verðmæti reiknast af heildarsöluverðmæti í erlendri höfn (brúttósöluverðmæti) að frádregnum tollum og öðrum kostnaði við löndun og sölu eftir nánari reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra gilda um útfluttar vörur frá 1. jan. 1971. Jafnframt er úr gildi fellt 10. gr. laga nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu.

Gjört í Reykjavík 30. marz 1971.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.